



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 4. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012

**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ

**Hvenær:** Fimmtudagur 21.07.2011 kl. 17:30

**Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður  
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) varaformaður  
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) fundarritari  
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður  
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður

**Boðuð forföll:** Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari  
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri  
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður

**Fjarverandi:**

**Fundarritari:** LHM

**Helstu mál:** Fundargerð s.f., deildir, kúlureglur, Nordic Youth og önnur mál.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerðir síðustu funda:

Samþykkt.

#### 2. Deildir:

Í 2. deild eru skráð 13 lið. Breyta þarf reglugerð til að hægt sé að spila þrefalda umferð. ÞI sendir á félögin beiðni um að samþykkja breytingu á reglugerðinni.

ÞI sendir á mótanefnd niðurröðunina í riðla 2. deildar.

Í 1. deild karla 10 lið.

Í 1. deild kvenna eru skráð 9 lið en von er á einu liði í viðbót frá ÍR.

Ekki hægt að samþykkja nafnið Kingpin-Guis, ÞI lagði til að það yrði KFR-KG-P ef ÓPV samþykkti, nafnið ÍR-Broskarlar er samþykkt.

#### 3. Kúlureglur:

Mikið rætt og velt fyrir sér kúlureglum sem ÞI var búin að þýða og senda á stjórn KLÍ. Samþykkt að ÞI gerir nýja tillögu um kúlureglur sem fjallað verður um á næsta fundi.

#### 4. Nordic Youth:

Fyrirspurnir sendar á hótél.

Fjögur hótél hafa svarað:

Hótél City Center Aðalstræti, verð 8900 einstaklingsherbergi, 9900 tveggja manna.

Hótél Borg, Austurstræti, verð 7400 einstaklingsherbergi, 9600 tveggja manna.

Hótél Reykjavík, Rauðarárstíg, verð 8625 einstaklingsherbergi, 10125 tveggja manna.

Fosshótél, Barónsstíg, verð 9000 fyrir bæði einstaklings- og tveggja manna herherbergi.

Internet innfalið nema hjá Fosshótél, morgunmatur innfalið hjá öllum.

ÞMP athugar verð/samninga hjá IBR samsvarandi RIG verð í vetur.

### 5. Önnur mál:

Vegna greinar BS á keila.is leggur ÞMP fram siðareglur KSÍ og leggur til að KLÍ athugi slíkar reglur hjá sér.

Samþykkt að stjórn KLÍ komi með yfirlýsingu um það að kúlur tveggja einstaklinga í vor hafi verið ólöglegar samkvæmt reglum sem KLÍ fer eftir.

Björn Sigurðsson sendi beiðni til KLÍ um að kúla sem mældist ólögleg í vor verði skráð lögleg, vísar í sænska reglur. Þí svarar því að KLÍ fari eftir reglum WTBA og því sé ekki hægt að skrá kúluna löglega þar sem hún er ólögleg skv. þeim.

Einar Már Björnsson sendir fyrirspurn á KLÍ um það hverjir hafi þekkingu og geti kennt mælingu á olíuburði og óskar eftir námskeiði í því að mæla olíuburð.

Þí svarar því að þeir sem séu í tækninefnd eigi að kunna að mæla og lesa olíuburð, einnig sé kennsluefni á síðu USBC en rætt hafi verið um að hafa lane maintenance en þjálfaranámskeið er í forgangi.

Fundi slitið 19:30 – næsti fundur verður óákveðinn.